



## Alþýðublaðið 3. Júní 1937: *Ofbeldisáætlanir íhaldsins afhjúpaðar!*

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþýðublaðið – Ólafur Thors – Hermann Jónasson  
Gunnar Thoroddsen – Lögreglustjórinn í Reykjavík – Dagsbrún – Sjómannafélagið

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ofbeldisfyrirætlanir íhaldsins afhjúpaðar!

### Olafur Thors hefði, ef hann hefði mátt ráða „sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík“.

Hermann Jónasson forsætisráðherra flettir ofan af fyrirskipunum Olafs Thors sem dómsmálaráðherra. 400 manna vopnað lið átti að taka 20--30 forvígismenn alþýðunnar fasta á næturpelli.

### Sundhöllinni átti að breyta í fangabúðir.

Á PINGMALAFUNDI, sem haldinn var á Hólmavík í gærkveldi, gaf Hermann Jónasson forsætisráðherra upplýsingar, sem vekja munu gífurlega athygli um allt land, og sýna, hvílikur vóði vofir yfir þjóðinni, ef hinir ábyrgðarlausu foringjar Breiðfylkingarinnar kæmst til valda við kosningarnar 20. júní.

Forsætisráðherrann, sem eins og kunnugt er var lögreglustjóri í Reykjavík árið 1932, skýrði frá fáheyrðum fyrirskipunum, sem honum hefðu þá borist frá Ólafi Thors sem dómsmálaráðherra.

Forsætisráðherrann sagði orðrétt:

„Hvað ástandið var orðið alvarlegt fyrir kosningarnar 1934 sést best á því, að eftir 9. nóv. 1932 gaf Ólafur Thors, sem dómsmálaráðherra, fyrirskipun um það, að safna saman 400 manna liði í Sundhöllinni á næturpelli, og taka fasta og varpa í fangelsi 20--30 mönnum, sem talið var, að hefðu staðið að óeirðunum, þar á meðal nokkrum foringjum Alp. fl.“

Handtökurnar skipaði Ólafur Thors að framkvæma kl. 6 að nóttu. Eg neitaði sem lögreglustjóri að framkvæma þessa fyrirskipun og úrskurðaði mig úr málinu, og Kristján Kristjánsson, sem var skipaður setu-dómari hafði líka víti fyrir Ólafi Thors. Hann neitaði einnig að framkvæma þetta verk, enda hefði það sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík.“

Alþýðublaðið hafði haft fregnir af því, að forsætisráðherra hefði látið þessi ummæli falla á fundi í Strandasýslu, og náði þess vegna tali af honum í síma í morgun, á Hólmavík, þar sem hann var staddur.

Staðfesti ráðherrann, að þessi ummæli hans væru nákvæmlega rétt hermd. Á fundinum á Hólmavík reyndi Gunnar Thoroddsen að draga úr áhrifum þessara upplýsinga forsætisráðherrans með fullryðingum um það, að þær væru ósannar, en rök fyrir því hafði hann engin.

Fundarmenn stóðu allir sem steini lostnir yfir afhjúpunum forsætisráðherrans.

### Astandið í Reykjavík fyrir 9. nóvember 1932.

Við þessar fregnir rifjast upp fyrir mönnum hið hörmulega ástand, sem var í Reykjavík fyrir 9. nóvember 1932, og hvernig það ástand hafði skapast fyrir hungurárásrí íhaldsmeirihlutans í bæjarstjórninni á atvinnuleysingjafjöldann, sem þá var meiri hér í

Hungrið barði að dyrum á óteljandi heimilum hér í Reykjavík. Í manna minnum hafði ekki verið slíkt neyðarástand hér í bænum.

Þrátt fyrir það lét íhaldsmeirihlutinn í bæjarstjórninni sér ekki aðeins sæma að svikja gefin loforð um fjölgun í atvinnubótavinnunni, heldur notaði hann sér neyð tjeiðans til þess að gera tilraun til að lækka laun þeirra fáu, sem atvinnubótavinnu höfðu un elnn þriðja hluta, og átti það bersýnilega að vera upphafið að allsherjar launalekkum í landinu.

### Hungurárásin á atvinnuleysingjana.

Íhaldsmeirihlutinn í bæjarstjórn ákvað um mánaðamótin október og nóvember, að launin í atvinnubótavinnunni skyldu lækkuð úr 54 kr. á viku niður í 36, það er að segja tæxti Dagsbrúnar rofinn og tímakaupið lækkuð úr kr. 1,36 niður í 1,00, enda tilkyntu útgerðarmenn um líkt leyti verkamannafélaginu Dagsbrún, að þeir hefðu kosið nefnd til að ræða við félagið um nýja launasamninga.

En því var ekki einu sinni að fagna, að atvinnubótaverkamennirnir ættu að fá þessar 36 kr. á hverri viku, því að þeir höfðu atvinnubótavinnuna yfirleitt ekki nema aðra hvora viku.

Það, sem íhaldsmeirihlutinn í bæjarstjórninni ætlaði þess vegna atvinnubótamönnum að lifa á, voru 36 kr. á hálfum mánuði — 72 kr. á heilum mánuði til þess að sjá fyrir sjálfum sér, konum sínum og börnum.

Ög jafnframt þessu lét íhaldið um líkt leyti segja upp fjölda mörgum mönnum í bæjarvinnunni — og jók þar með atvinnuleysið enn meir.

Önnur eins hungurárásið hefir aldrei verið gerð á verkalyð Reykjavíkur — og menn geta gert sér í hugarlund, hvernig hún hefir verkað á fjölskylduféður, sem búnir voru að bíða með bjargarlaus heimili eftir atvinnubótavinnu eða barist höfðu í bökkum mánuðum saman með 54--108 kr. á mánuði.

Þetta var aðdragandi viðburðanna hér í Reykjavík 9. nóvember 1932.

Verkalýðstélagin þröngvöðu bæjarstjórninni til þess að taka málið fyrir á ný, og var það gert á fundi hennar 9. nóvember.

Á þessum fundi storkuðu fulltrúar íhaldsins verkamönnum, og gekk Jakob Möller þar fram fyrir skjöldu og fór hinum háðulegstu orðum um kröfur hinna hungurandi verkamanna.

Þess munu fá dæmi, ef yfirleitt nokkur, í nálægum löndum, að nokkur bæjarstjórnarmeirihluti hafi sýnt slíkt ábyrgðarleysi á svo alvarlegri stundu, enda komu afleiðingarnar brátt í ljós, sem enn þá eru öllum í fersku minni og óþarft er að rekja hér.

Rétt er þó að geta þess, að bæjarfulltrúar íhaldsins fóru sjálfir óskaddaðir út úr þeim leik, þó að saklausir verkamenn og lögregluþjónar hafi dögum og vikum saman legið í sárum fyrir ábyrgðarleysi og glæpamensku íhaldsmeirihlutans í bæjarstjórn.


### Olafur Thors verður dómsmálaráðherra

Sama daginn og þetta gerðist, var kveðinn upp dómur í undirrétti yfir Magnúsi Guðmundssyni þáverandi dómsmálaráðherra, sem kærður hafði verið fyrir hlutdeild í sviksamlegu gjaldþroti.

Frh. á 4. síðu.

### Hertoginn af Windsor og Wallis Warfield gefin saman í dag.

Enska íhaldsstjórnin ofsækir þau með smásmugulegustu ráðstöfunum.



HÖLLIN CANDE, ÞAR SEM HJONAVIGSLAN FER FRAM.

### HERTOGINN AF WINDSOR,

Játvarður fyrverandi Bretakonungur, og Wallis Warfield (áður frá Simpson) verða í dag gefin saman í hjónaband í höllinni Cande í grend við Tours á Frakklandi.

Hjónavígslan fer fram að aðeins örfáum gestum viðstöddum. Hertoginn hafði boðið mörgum háttsettum mönnum og gömlum vinum á Englandi í brúðkaupið, en flestir urðu að afþakka boðið fyrir ofstæki og þröngsýni ensku

íhaldsstjórnarinnar, sem ekki vildi leyfa embættismönnum sínum að sýna hinum fyrverandi konungi slíka ræktarsemi. Meðal annars varð bróðir Játvarðar, hertoginn af Kent, og kona hans, að hætta við að fara til Frakklands til að vera viðstödd hjónavígsluna.

Sagt er, að brúðhjónin ætli eftir athöfnina undir eins að fara suður að Miðjarðarhafi og eyða hveitibrauðsdögum á lystisnekkju þar syðra.

## Breiðfylkingarherinn á undanhaldi bæði norðaustan og norðvestan við Madrid!

### Stjórnarherinn á aðeins 6 km. ófarna til Siguenza.

LONDON í morgun. FÚ. SPANSKA stjórnin telur her sveitum sínum mikinn sigur um 15 mílum (þ. e. 24 kílómetrum) norðvestan við Madrid. Og norðaustan við borgina segjast stjórnarlíðar enn fremur hafa sótt fram, og vera nú að eins rúma 6 kílómetra frá Siguenza, en það var þaðan sem uppreisnarmenn hófu sókn sína til Guadalajara í vor.

Stjórnin segir, að á báðum þessum vígstöðvum hafi uppreisnarmenn sýnt mjög litla mótspyrnu, en nú sé verið að senda liðsauka sem óðast með flugvélu frá Baskavígstöðvunum.

### Portúgal hótar að fara að dæmi fasistaríkjanna.


LONDON í gærkveldi. FÚ. Portúgalska stjórnin hefir sent orðsendingu til formanns hlutleysisnefndarinnar og bröku stjórn-

arinnar þar sem sagt er, að ef ekki verður fullnægt kröfum Þýskalands og Ítalíu, um tryggingu gegn því, að flugvélar stjórnarinnar á Spáni, ráðist á skip þeirra, þá megi vanta þess, að árásrí á eftirlitsskip við Spánarstrendur verði endurtæknar. — Ennfremur verði þá eftirlitsslaust við hafnir stjórnarinnar á austurströnd Spánar, þar sem Ítalir og Þjóðverjar hafa farið með strandgæzlu.

Að þessu athuguðu, segir portúgalska stjórnin, áskilur hún sér rétt til þess að taka til endurskoðunar þátttöku Portúgals í eftirlitstarfinu, og samþykki stítt til þess að leyfa brezkum skipum að nýta portúgalskar hafnir og hafa gæzlumenn við landamæri Spánar og Portúgals.

Símanúmer

kosningaskrifstofa Alþýðflokksins nr 2931.



EIN TREKYLFAN, SEM ÓLAFUR THORS LÉT SMÍÐA HANDA VARALÖGREGLUNNI TIL ÞESS AÐ BERJA MEÐ Á VERKAMÖNNUM.

GAMLA BÍO.

### Hver er Don Carlos?

afar spennandi söngmynd, gerð eftir hinni heimsfrægu óperettu „Rose of the Rancco“.

Aðalhlutverkin leika og syngja hinir vinsælu leikarar:

Gladys Swarthout,  
John Boles  
og skopleikarinn  
Willie Howard.

### I nestið

#### niðursóðið:

kindakjöt,  
fiskabollur,  
kjötbollur,  
saxbauti,  
lamballfur,  
sardínur,  
rækjur,

#### ennfremur:

súpupakkar,  
harðfiskur,  
isl. smjör,  
kex og kökur,  
áskurður á braud,  
öl, gosdrykkir  
og alls konar sælgæti.

### Pöntunarfélag Verkamanna.

### Torgsala.

A Óðinstorgi á morgun kl. 9 f. h. hefst sala á allskonar sumarbl.: Levkoj, Morgunfrúm, Chrysanth., Kornbl. o. fl. Ennfr. fjölær blóm: Digitalis, Stúdentanellikur, Margarita, Postulinsbl. — Kálplöntur.

### Fyrsta kappsundmót- ið í Sundhöllinni í kvöld.

Í KVÖLD verður haldið fyrsta sundmótið í Sundhöllinni. Taka þátt í því yfir 50 sundgarpar.

Keppendur eru frá 5 íþróttafélögum: „Armanni“, K. R. Sundfélaginu „Grettir“, Sundfélagi Vestmannaeyja og Sundfélaginu „Ægir.“

Að loknu sundmótinu keppir Olympíu-vatnsknattleiksflokkurinn við næst beztu vatnsknattleiksflokk bæjarins.

#### Togarinn Geir

kom í gær af ísfiskveidum með um 17 hundruð körfur. Tók hann til viðbótar óverkaðan saltfisk í afturlest og fór áleiðis til Englands sámdægurs.

### OFBELDISFYRIRÆTLANIR IHALDSINS AFHJÓPAÐAR.

Frh. af 1. síðu.  
Var ráðherrann dæmdur í 15 daga fangelsi, og sagði eftir það af sér ráðherraembættinu.

Ihaldið greip þetta tækifæri fegini hendi til þess að setja „handfastari“ mann í sæti dómsmálaráðherra og valdi til þess „foringja“ Sjálfstæðisflokksins, Ólaf Thors. Tók hann við embættinu 12. nóvember 1932.

Ráðherradómur Ólafs Thors er öllum enn í fersku minni.

Hann byrjaði á því að stofna hina alræmdu varalögreglu, safnaði í hana hundruðum illa þokkæðra manna, lét smíða handa henni trékylfur og æfa hana í Kveldúlfsporlinu.

Fé til þessa slagsmálaliðs, sem stofnað var til höfuðs verkafélags í Reykjavík, tók Ólafur Thors í algerðu heimildarleysi fjárlaganna úr ríkissjóði, og nam sú upphæð hvorki meiru né minnu en hálfri milljón króna fram að stjórnarskiptunum 1934, þegar Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn tóku við stjórn, en þá var varalögreglan, eins og kunnugt er, tafarlaust afnumin.

Það mun hafa verið einn fyrsta daginn eftir að Ólafur Thors tók við embætti dómsmálaráðherra, að hann gaf Hermanni Jónassyni lögreglustjóra þær óheyrilegu fyrirskipanir, sem hann hefir nú flett ofan af.

Eftir að lögreglustjóri hafði neitað að framkvæma þessar fyrirskipanir, var leitað meðal lögfræðinga í Reykjavík eftir manni til þess að taka málið að sér sem setudómari. Fekst til þess Kristján Kristjánsson, sem nú er fulltrúi lögmanns, og hafði verið lagt afar fast að honum að taka við málinu. Lét hann tilleiðast, en neitaði þó algerlega að framkvæma þær fyrirskipanir, sem Ólafur Thors vildi gefa honum, og bera ábyrgð á handtökunum sem dómari.

Á sama tíma og Ólafur Thors gaf dómaraþing þessar fyrirskipanir, skipaði hann yfirmanni sinnar nýstofnuðu varalögreglu að taka saman lista yfir 400 menn, sem treysta mætti til fulls og hægt væri að hafa til taks jafnt á nóttu sem degi.

Þetta var gert, og var, eftir upplýsingum sem Alþýðublaðið hefir fengið, þessi listi til allt þangað til varalögreglan var lögð niður með öllu, eftir stjórnarskiptin sumarið 1934.

Geta menn, eftir vali manna í hina föstu varalögreglu, sem sat hér mánuðum saman í gamla landsímahúsinu og gerði sig fræga að endemum, gert sér í hugarlund, hvers konar lýður það vað, sem samkvæmt fyrirskipunum Ólafs Thors átti að senda út um bæinn á næturþeli, í skjóli skammdegismyrkursins, brjótast inn í hús manna kl. 6 að morgni, taka þá upp úr rúnum sínum, setja þá í handjárn og flytja þá með valdi, einn og einn, inn í kjallara Sundhallarinnar, þar eð ædsta verði laga og réttar í landinu, Ólafi Thors, þótti fangahúsið við Skólavörðustíg hvorki nógu stórt né traust.

Að þessu verki loknu átti síðan þessi 400 manna her að slá bringum Sundhöllina, vopnaður trékylfum og hverskonar bareflum, og biða morgunsins, hvort alþýða Reykjavíkur léti bjóða sér það, að húsinu, sem átti að verða ein aðalmenningarstofnun bæjarins, væri breytt í fanga-

# ALÞÝÐUBLAÐIÐ

## Fyrsti framboðs fundurinn í Kefla vík í gærkveldi.

### Vaxandi fylgi Alþýðuflokksins.

ALMENNUR kjósendafundur var haldinn í Keflavík í gærkveldi, og töluðu þar allir frambjóðendurnir.

Fundurinn var haldinn í Ungmennafélagshúsinu, en í það komst ekki nema á 4. hundruð manna. Urðu því margir frá að hverfa.

Sigfúsi Sigurhjártarsyni, frambjóðanda Alþýðuflokksins, var tekið mjög vel, og talaði hann aðallega um atvinnumálin, vöðveisn sjávarútvegsins, Kveldúlfsmálið og önnur helstu nauðsynjamaðl þjóðarinnar.

Fundurinn sýndi, að fylgi Alþýðuflokksins fer hraðvaxandi í Keflavík.

Almennur kjósendafundur verður haldinn í Grindavík í kvöld.

búðir, þar sem beztu forvígismenn hennar, þar á meðal alveg vafalaust Héðinn Valdimarsson og Sigurjón A. Ólafsson, formenn tveggja stærstu verkafélagsfélaganna á landinu, Sigurður Ólafsson, Sigurður Guðmundsson og margir fleiri starfsmenn verkafélagsfélaganna, sem höfðu staðið með henni í baráttunni gegn hungurárásum íhaldsins, væru geymdir sem illræðismenn og ef til vill ófurseldir misþýmingum þess lýðs, sem Ólafur Thors hafði safnað saman í varalögregluna og fengið vopn í hönd.

Er nokkur í efa um það, hvaða viðburður það voru, sem Ólafur Thors ætlaði sér hér að stofna til?

Hverjum dettur í hug, að alþýða Reykjavíkur hefði látið bjóða sér slíkt ofbeldi?

Og hverjum dettur í hug, að Ólafur Thors hafi búist við því, að þessir viðburður gætu farið fríðsamlega fram?

Það er vissulega ekki ósterkt að orði kveðið hjá forsætisráðherra, þegar hann segir, að þessar fyrirskipanir hefðu, ef þær hefðu verið framkvæmdar, „SENNILEGA LEITT BLÓÐBAÐ YFIR REYKJAVÍK“.

### Vill þjóðin að þetta endartaki sig?

En hvaða menn eru það í þessu landi, sem vilja lifa upp aftur ástandið, sem var hér árið 1932 og viðburðina, sem því fylgdu?

Og hver vill veita Ólafi Thors tækifæri til þess að leiða það ástand og þá viðburði aftur yfir þjóðina?

Eftir þessar upplýsingar um fyrirætlanir Ólafs Thors á meðan hann var dómsmálaráðherra, veit öll þjóðin, að kosningarnar 20. júní snúast um það, hvort hér á landi skuli framvegis ríkja lýðræði, frelsi og friður eða blóðugt ofbeldi og sú ógnaröld, sem fasismenn hefir hvarvetna leitt yfir þjóðirnar.

### Í DAG.

Næturleknir er Ólafur Þorsteinsson, D-götu 4, sími 2255. Næturvörður er í Reykjavík- og Tönnar-Apóteki.

#### ÚTVARPIÐ:

- 15,00 Veðurfregnir.
- 19,10 Veðurfregnir.
- 19,20 Lesin dagskrá næstu viku.
- 19,30 Hljómplötur: Lög við verk eftir Goethe.
- 20,00 Fréttir.
- 20,30 Erindi: Fórnarlamb Abessíníudeilunnar, Samuel Hoare (Skúli Skúlason ritstjóri).
- 20,55 Einleikur á pianó: Tónverk eftir Chopin og Debussy (Árni Kristjánsson).
- 21,20 Útvarpshljómsveitin leikur til kl. 22.

#### Lúðrasveit Reykjavíkur

leikur á Austurvelli í kvöld kl. 8, ef veður leyfir. Stjórnandi er A. Klahn. Leikin verða meðal annars lög úr operettunum Die Fledermaus, Die Cardasfürstin og lög úr op. Aida, útsatt fyrir lúðrasveit af A. Klahn. Allir á Austurvöll í kvöld.

#### Höfnin.

British Tommy kom í morgun. Norska skipið Kongshavn kom í morgun að taka járn.

#### Skipafréttir.

Gullfoss er væntanlegur til Vestmannaeyja á morgun. Goðafoss er í Hull, Brúarfoss fór frá Vestmannaeyjum áleiðis til Leith í gær. Dettifoss er á Patreksfirði. Lagarfoss er á Húsavík. Selfoss er hér. Drottningin fór frá Færøeyjum í gærkveldi. Esja er hér. Súðin var á Akureyri í gærkv.

#### Bæjarstjórnarfundur

verður í kaupþingssalnum í dag. Meðal dagskrármála eru framvörp til samþykta um lokunartíma hágræiðslustofa og skósmiðavinnustofa.

#### Fiskmarkaðurinn í Grimsby

míðvikudaginn 2. júní: Beztu sólkoli 50 sh. pr. box, rauðspretta 52 sh. pr. box, stór ýsa 40 sh. pr. box, miðlungs ýsa 28 sh. pr. box, frálagður þorskur 20 sh. pr. 20 stk., stór þorskur 12 sh. pr. box, smáþorskur 10 sh. pr. box. (Tilk. frá Fiskimálanefnd. — FB.)

#### Kjósið áður

en þú farið úr bænum. Leitid upplýsinga í kosningaskrifstofu Alþýðuflokksins, sími 2931.

#### Seanski ræðismaðurinn

biður þess getið, að sökum undirbúnings undir flutning, falli hinar árlegu móttökur á sænska stjórnarskrárdaginn, 6. júní, niður að þessu sinni.

#### Sænska stjórnin

hefir bannað innflutning á íslenzkri síld á tímanum 1. júní til 5. ágúst í sumar. Jafnframt hefir hún bannað innflutning á íslenzkri síld veiddri í sumar fyrir 20. júlí og gildir það bann frá 5. ágúst 1937 til 31. maí 1938.

#### Vegna veikindaforfalla

hr. Þorst. Ó. Stephensen verður ekki hægt að sýna sjónleikinn „Gerfimm“ í kvöld eins og auglýst hafði verið hér í blaðinu í gær. — Næsta sýning verður að öllu forfallalaus næstkomandi sunnudag, og verður það síðasta sýning á þessu leikári.



NYJA BÍO.

### Hetjur vilta landsins

#### Síðari hluti

Rex og Rintintin sigra

sýndur í kvöld.

Börn fá ekki aðgang.

Herbergi til leigu. Egilsgata 32. Sími 1579.

## Aðalfundur Vélstjórafélags Íslands

verður haldinn í K. R. húsinu, uppi, laugardaginn 5. júní kl. 3 e. h.

Dagskrá liggur frammi á skrifstofu félagsins.

Stjórnin.

## Fulltrúaráð verkafélagsfélaganna Reykjavíkur.

Fundur verður haldinn föstudaginn 7. júní n. k. kl. 8,30 e. h.

- Dagskrá:
- 1. Reikningar Alþýðubrauðgerðarinnar.
- 2. Kosningarnar. Kosninganefnd skýrir frá störfum.
- 3. Önnur mál.

Stjórnin.

# Húseigendur og húsráðendur

hér í bænum eru enn alvarlega aðvaraðir um að tilkynna nú þegar ef fólk hefir flutt úr húsum þeirra eða í þau.

Tekið á móti tilkynningum í manntalsskrifstofu bæjarins Pósthússtræti 7 og í lögregluvarðstofunni.

Deir, sem ekki tilkynna flutninga verða koerðir til sekta lögum samkvæmt.

## Borgarstjórnin.

# Á morgun er síðasti endurnýjunardagur fyrir 4. flokk. HAPPDRÆTTIÐ